

Orkustofnun
María Guðmundsdóttir
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2024
UST202403-060/R.K.
10.05.00

Efni: Ósk um umsögn - umsókn um rannsóknarleyfi á jarðhita í Ölfusdal

Vísað er til erindis Orkustofnunar 19. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umsókn Sunnlenskrar orku ehf. (SO) kt. 521099-2679 um leyfi til rannsóknar og leitar á jarðhita í Ölfusdal. Sótt er um rannsóknarleyfi til 5 ára auk forgangs að nýtingarleyfi fyrir hitaveitu á gildistíma rannsóknarleyfis og í tvö ár eftir að gildistíma lýkur.

Lýsing

Í umsóknargögnum kemur fram að Sunnlensk orka ehf. hafi í gegnum síðustu áratugi farið í ýmsar rannsóknir á svæðinu. Tilgangur Sunnlenskrar orku ehf. með rannsóknunum er að sýna fram á að hugmyndalíkan af jarðhitakerfinu í Ölfusdal standist og að fá úr því skorið hvort nýta megi jarðhitann þar á hagkvæman hátt til raforkuvinnslu og iðnaðar. Verði niðurstöður rannsókna jákvæðar leggja þær grunn að gerð langtímaáætlunar um áfangaskipta virkjun jarðhitans í Ölfusdal.

Áhugi er á að rannsaka jarðhita, grunn- og yfirborðsvatn og efnisnámur í dalnum með frekari nýtingu í huga.

Fram kemur í umsóknargögnum að mögulega þurfi að bora um 2000 m djúpa rannsóknarholu, en slík framkvæmd er tilkynningarskyld til ákvörðunar um hvort hún skuli háð umhverfismati skv. tl 2.04 viðauka I í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Náttúruvernd

Í 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun vill benda á mikilvægi þess að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og að skýrir valkostir séu settir fram varðandi útfærslur á fyrirhuguð framkvæmdum/rannsóknum.

Stofnunin bendir á að skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 njóta hverir og aðra heitar uppsprettur sérstakrarverndar.

Friðlýsing - Reykjatorfan - Reykjadalur/Grændalur

Haustið 2018 lagði Landbúnaðarháskóli Ísland það til við Umhverfisstofnun að Reykjatorfan yrði friðlýst. Í kjölfarið óskaði Umhverfisstofnun eftir mati Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndargildi svæðisins og skipaður var samstarfshópur með það hlutverk að vinna að undirbúningi friðlýsingarinnar í samræmi við málsmeðferðarreglur laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Samstarfshópurinn skipa fulltrúar sveitarfélaganna Ölfuss og Hveragerðisbæjar, fulltrúi Landbúnaðarháskólans, fulltrúi umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytisins og fulltrúar Umhverfisstofnunar.

Svæðið sem áformað er að rannsaka og í framhaldinu að nýta nær til tillögu af mörkum friðlýsts svæðis.¹

Verndargildi svæðisins

Reykjatorfan liggur upp af Hveragerði innan marka sveitarfélagsins Ölfus. Verndargildi svæðisins er hátt. Landslag svæðisins einkennist af jarðhita og er þar fjöldi hvera og lauga, bergganga, brota og framhlaupa. Svæðið hefur hátt rannsókn- og fræðslugildi auk þess sem verndargildi lífríkis og jarðminja er mikið. Innan marka svæðisins eru tveir dalir, Reykjadalur og Grændalur.

Mikill fjöldi ferðamanna heimsækir Reykjadal á hverju ári en svæðið er mjög vinsælt útivistarsvæði og undir miklu álagi. Umhverfisstofnun hefur þurft að beita lokunum á svæðinu, m.a. vorið 2018, vegna ágangs ferðamanna og hættu á gróðurskemmdum.

Grændalur liggur samsíða Reykjadal. Hann er vel gróinn og þar er að finna gróskumikið votlendi, jarðhitasvæði og viðkvæm vistkerfi og vistgerðir sem þola illa ágang. Er þar m.a. að finna mýrarhveravist, móahveravist og hveraleirsvist auk jarðhitalækja. Grændalur er að mestu óraskaður en umferð ferðamanna hefur aukist um svæðið á undanförunum árum.

Svæðið er nr. 752 á náttúruminjaskrá, þ.e: Hengilssvæðið, Ölfushreppi, Grafningshreppi, Árnassýslu. (1) Vatnasvið Grændals, Reykjadals og Hengladala ásamt Marardal og Engidal norðan Húsmúla. Að sunnan liggja mörk um Skarðsmýrarfjall, Orrustuhól og Hengladalsá að Varmá. (2) Stórbrotið landslag og fjölbreytt að jarðfræðilegri gerð, m.a. jarðhiti.

Markmið friðlýsingarinnar

Friðlýsing svæðisins miðar að því að vernda merkar jarðmyndanir og tryggja vernd líffræðilegrar fjölbreytni sem og að standa vörð um náttúrulegt ástand og ferla svæðisins.

¹ https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/atak-i-friðlysingum/Reykjatorfan_20_12_18.png

Jafnframt er markmiðið með friðlýsingu Reykjadalssvæðis að vernda sérkenni og einkenni landslagsins og byggja upp útivistarsvæði þar sem útivistargildi dalsins er hátt m.a. vegna nálægðar við þéttbýli. Markmiðið með friðlýsingu Grændals er að standa vörð um náttúrulegt ástand svæðisins og þróun þess á eigin forsendum, m.a. með því að vernda viðkvæm náttúruleg þróunarferli, vistkerfi, vistgerðir, fjölbreytni, tegundir og jarðfræðileg fyrirbæri.

Áform um friðlýsingu auglýst í desember 2018

Áform um friðlýsingu svæðisins voru auglýst í samræmi við 2. mgr. 38. gr. náttúruverndarlaga, þann 20. desember 2018 en gert er ráð fyrir að svæði sem ekki eru á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár skulu kynnt sérstaklega. Frestur til að skila athugasemdum við áformin var til og með 18. febrúar 2019. Í dag er friðlýsingaráformin á bið.²

Lög um stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að í 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir: „Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.“

Stofnunin bendir á að í umsókninni um rannsóknarleyfi er ekki minnst á áhrif framkvæmdarinnar á vatn. Tilgreina þarf hvaða vatnshlot gætu orðið fyrir áhrifum af framkvæmdinni en upplýsingar um vatnshlotin má sjá í vatnavefsja.³ Umhverfismarkmið eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega. Framkvæmdaraðili þarf að gera mat á áhrifum framkvæmdarinnar á gæðapætti viðeigandi grunnvatnshlota sbr. kafla 3.1.2 í vatnaáætlun og því hvort framkvæmdin sé líkleg til þess að valda því að vatnshlot innan áhrifasvæðisins nái ekki umhverfismarkmiðum.

Við útgáfu rannsóknaleyfis þarf mat á áhrifum framkvæmdarinnar á viðeigandi vatnshlot að liggja fyrir svo leyfisveitandi geti tryggt að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sbr. 28. gr. laganna.

Umhverfisstofnun getur ekki metið áhrif framkvæmdarinnar á vatn nema fyrir liggi áhrifamat.

Virðingarfyllt

Ríkey Kjartansdóttir,

² <https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-bid/reykjatorfan-reykjadalur-graendalur/>

³ <https://vatnavefsja.vedur.is/#/mainmap>

sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur